

## Formáli

Þegar dr Sturla Friðriksson lét af störfum sem deildarstjóri jarðræktardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1992 var ákveðið að tillögu nokkurra samstarfsmanna hans að gefa út sérstakt hefti af Búvísindum tileinkað honum. Með þessum hætti vilja samstarfsmenn og ritnefnd votta Sturlu virðingu sína og þakkir fyrir gott samstarf.

Sturla hóf störf hjá Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands 1950, en hafði þá unnið nokkur ár áður hjá Skógrækt ríkisins, og hafði því sinnt jarðræktarrannsóknum í hartnær fimm áratugi þegar hann lét af störfum. Sturla var fyrsti ritstjóri tímaritsins Íslenskra landbúnaðarrannsókna, en það rit var undanfari Búvísinda og gefið út af Rannsóknastofnun landbúnaðarins uns núverandi útgefendur sameinuðust um útgáfu Búvísinda. En Sturla kom víðar við í vísinda- og fræðastörfum en í jarðræktarrannsóknum eins og fram kemur í ritaskrá Sturlu og í inngangsgrein dr Stefáns Aðalsteinssonar, hvort tveggja í þessu riti. Hann ritaði um erfðafræðileg efni og uppruna Íslendinga. Hann átti hlut að máli, ásamt Halldóri Halldórssyni, þegar vistfræðin hlaut sitt íslenska heiti 1968 og notar orðið vist í grein frá Kalráðstefnu í Frey árið 1970 og það kemur fyrir í heiti bókar Sturlu frá 1973: Líf og land. Um vistfræði Íslands. Er þá fátt eitt nefnt af því sem Sturla hefur kannað og skrifað um. Það er vel við hæfi að fyrsta grein þessa rits fjallar um erfðafræðilegt efni, sú næsta er vistfræðilegs eðlis og síðan taka við greinar um ýmsa þætti jarðræktar, jarðveg, jurtakynbætur, beitarrannsóknir og loks er greinar um móbergsmyndun og gróðurframvindu í Surtsey. Þessar greinar eru ritaðar af samstarfsmönnum Sturlu fyrr og síðar og eru flestar um viðfangsefni sem hann starfaði að með þeim frumleika og hugkvæmni sem einkennir öll hans störf.